

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Bókastyrkssjóð prófessor Guðmundar Magnússonar«, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 12. jan. 1921.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir

„Bókastyrkssjóð prófessors Guðmundar Magnússonar“.

1. gr.

Sjóðurinn heitir »Bókastyrkssjóður prófessors Guðmundar Magnússonar«.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með 2500 kr. gjöf prófessors Guðmundar Magnússonar, er hann gaf Háskóla Íslands 30. júní 1919, í minningu þess, að þá voru liðin 25 ár síðan hann var skipaður kennari í læknisfræði.

3. gr.

Vöxtum sjóðsins skal árlega varið til að styrkja læknisfæðisnemendur Háskólans til bókakaupa, fyrst um sinn 2 á ári með 50 kr. hvorn, en afganginn skal leggja við höfuðstól sjóðsins. Síðar þegar sjóðurinn vex svo, að hann verður þess umkominn, má annaðhvort veita sömu upphæð fleirum eða hærri upphæð 2, en þess sje æ gætt, að ekki sje lagt við sjóðinn minni upphæð en sem svarar $\frac{1}{10}$ af vöxtum.

4. gr.

Stofnfje sjóðsins má aldrei skerða.

5. gr.

Háskólaráð Háskóla Íslands hefur á hendi stjórn sjóðsins, sjer um að hann sje ávaxt-
aður á tryggilegan og hagkvæman hátt og úthlutar styrk til nemenda eins og skipulagsskrá
þessi ákveður. Reikningur sjóðsins skal árlega birtur í B-deild Stjórnartíðindanna.

6. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 30. desember 1920.

G. Magnússon,